

Mánudaginn 12. mars 1990.

Nr. 193/1989

og 312/1989.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Agnari Víði Bragasyni

(Sigurður Georgsson hrl.).

Skjalafals. Þjófnaður. Nytjastuldur. Fjársvik. Málasamsteypa.

Réttarfar. Skaðabótakröfu vísað frá dómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur með stefnu 17. apríl 1989 áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða dómi sakadóms Reykjavíkur 15. mars 1989 í máli, sem höfðað var samkvæmt ákæru, gefinni út 2. febrúar 1989, á hendur ákærða og einum manni öðrum, sem unír héraðsdómi. Þá hefur ríkissaksóknari einnig að ósk ákærða áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 1. ágúst 1989 dómi sakadóms Reykjavíkur 26. apríl 1989 í máli, sem höfðað var samkvæmt fjórum ákærum, gefnum út 18. janúar 1988, 26. febrúar 1988, 21. mars 1988 og 14. júní 1988, á hendur ákærða og fimm öðrum, sem una héraðsdómi. Ákæran 26. febrúar 1988 tekur ekki til ákærða. Báðum þessum dómum er einnig áfrýjað af ákærvaldsins hálfu til þyngingar á refsingu ákærða.

Málin hafa verið sameinuð og flutt í einu lagi fyrir Hæstarétti.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakfellingu ákærða verði staðfest, en refsing hans þyngd. Þá er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Ákærði krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur, sem kveðinn var upp 26. apríl 1989, verði ómerktur og meðferð þess máls frá og með þinghaldi 28. apríl 1988, en til vara, að ákæru 21. mars 1988 verði vísað frá dómi. Að öðru leyti er þess krafist, að refsing ákærða verði dæmd svo væg sem lög framast leyfa og gæsluvarðhald ákærða látið koma að fullu til frádráttar dæmdri refsingu.

Ákærði krefst þess, að skaðabótakröfu Kaupfélags Árnesinga verði vísað frá dómi, en til vara, að hún verði stórlega lækkuð. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar á niðurstöðu sakadóms um þessa skaðabótakröfu. Þess er ekki óskað, að aðrar skaðabótakröfur, sem um var dæmt í héraði, komi til meðferðar fyrir Hæstarétti. Koma ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um skaðabætur og vexti að því leyti ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti, sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

I.

Héraðsdómur 15. mars 1989.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu brota ákærða til refsíákvæða samkvæmt ákæru í máli þessu.

II.

Héraðsdómur 26. apríl 1989.

Ákærði kom fyrir sakadóm Reykjavíkur 28. apríl 1988, er haldinn var af Haraldi Henryssyni, þáverandi sakadómar. Þá var m.a. bókað:

„Ákærða er birt ákæran á dskj. nr. I [þ.e. ákæra 18. janúar 1988] og kynnt önnur gögn málsins. Jafnframt er gætt ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Ákærði óskar eftir, að Sigurður Georgsson, hrl., verði skipaður verjandi sinn í málinu.

Ákærði vill þó tjá sig um ákæruefnið núna.“

Ákærði var síðan yfirheyrður um einstök ákæruatriði og kvað það rétt, sem honum er þar gefið að sök. Hann samþykkti og skaðabótakröfur nema frá Kaupfélagi Árnesinga og kvaðst vefengja fjárhæð hennar. Síðan var bókað:

„Ákæra, dagsett 21. mars 1988.

I.

Ákærði kveður það rétt, að hann og meðákærða hafi 4. janúar sl. brotist inn í Rækjustöð Meleyrar, Hvammstanga, og stolið þar 490 kg af rækju.

Ákærði óskar þess, að Sigurður Georgsson, hrl., verjandi hans, haldi uppi vörnum fyrir sig í málinu. Gefur hann honum umboð til að taka við birtingu dóms og kveða á um áfrýjun.“

Í þingbók er skráð, að ákærði hafi komið í dóminn kl. 9.15 og vikið frá kl. 9.10.

Ákærði kom næst fyrir sakadóm Reykjavíkur 6. apríl 1989, er haldinn var af Guðjóni St. Marteinsyni sakadómara. Þá var m.a. bókað:

„Ákærða hafa áður verið birtar ákærur frá 18. janúar og 21. mars 1988, en nú er ákærða birt ákæran á dskj. nr. XX frá 14. júní 1988. ...

Ákærði kveðst ekki ætla að halda uppi vörnum í málinu og óskar eftir, að málin verði tekin til dómsálagningar og Sigurður Georgsson, hrl., leystur frá verjandastarfanum.

Dómarinn lætur þess getið, að lögmaðurinn hafi aldrei verið skipaður verjandi ákærða, Agnars.“

Til stuðnings ómerkingarkröfu vísar verjandi ákærða til 185. gr. laga nr. 74/1974. Telur hann, að samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 80. gr. sömu laga hafi dómara borið að skipa ákærða verjanda, strax og ósk kom um það í þinghaldi 28. apríl 1988. Þá bendir hann á, að ekki fái staðist, að ákærði hafi komið fyrir dóm kl. 9.15 og vikið úr dómi kl. 9.10. Þá sé þess hvergi formlega getið, að dómarskipti hafi orðið í málinu, en rétt hefði verið að gera um það bókun með skýringu. Loks bendir hann á, að ekki sé bókað um birtingu ákæru frá 21. mars 1988. Hafi hún því ekki verið birt með formlegum hætti, og beri að vísa henni frá dómi.

Rétt var að skipa ákærða verjanda, er hann óskaði þess í þinghaldi 28. apríl 1988. Þegar hins vegar til þess er litið, að ákærði játaði sakargiftum og kvaðst, næst er hann kom fyrir dóm, ekki mundu halda uppi vörnum í málinu og óskaði þess jafnframt, að verjandinn yrði leystur frá verjandastarfinu, þykir ekki næg ástæða til ómerkingar málsins af þessum sökum. Sama gildir um tímasetningu þess, er ákærði vék úr dómi. Þar eru augljós pennaglöp og valda ekki ómerkingu. Í niðurlagi forsendna hins áfrýjaða dóms kemur fram, að Guðjón St. Marteinson sakadómari hafi tekið við rekstri málsins í febrúar 1989. Rétt hefði verið að gera um það bókun, er dómarinn tók málið fyrst fyrir 6. apríl 1989. Meðferð málsins verður ekki ómerkt, þó að svo hafi ekki verið gert.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dómi um sakarefni ákæru frá 21. mars 1988 og játaði þeim. Hann hreyfði ekki athugasemdum, er

bókað var í þinghaldi 6. apríl 1989, að þessi ákæra hefði áður verið birt honum. Verður að telja þessa meðferð ákærunnar hafa verið fullnægjandi birtingu hennar fyrir ákærða og ekki efni til að vísa ákærunni frá dómi, þó að bókun í þingbók sé þarna áfátt.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu brota ákærða til refsíákvæða samkvæmt I. - IV. kafla ákæru 18. janúar 1988, I. kafla ákæru 21. mars 1988 og ákæru 14. júní 1988.

Fyrir sakdómi Reykjavíkur kvaðst ákærði vefengja skaðabótakröfu Kaupfélags Árnesinga. Krafa þessi er ekki studd neinum gögnum, og verður við svo búið að vísa henni frá dómi.

III.

Ákveða ber refsingu ákærða með hliðsjón af ákvæðum 72. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 77. gr. og 78. gr. sömu laga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 2 ár og 6 mánuði. Til frádráttar þeirri refsingu komi með fullri dagatölu sá tími, sem ákærði sat í gæsluvarðhaldi frá 5. janúar 1988 til 29. febrúar 1988, frá 21. til 27. júlí 1988 og frá 3. september til 2. nóvember 1988.

Skaðabótakröfu Kaupfélags Árnesinga er vísað frá dómi, hvað ákærða varðar.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Agnar Víðir Bragason, sæti fangelsi 2 ár og 6 mánuði, en til frádráttar þeirri refsingu komi með fullri dagatölu sá tími, sem ákærði sat í gæsluvarðhaldi frá 5. janúar 1988 til 29. febrúar 1988, frá 21. til 27. júlí 1988 og frá 3. september til 2. nóvember 1988.

Skaðabótakröfu Kaupfélags Árnesinga er vísað frá dómi, hvað ákærða varðar.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 75.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 75.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. apríl 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 26. apríl, er háð dómþing sakadóms Reykjavíkur í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinsyni sakadómsmála og þá kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 214-219/1989: Ákærvaldið gegn Agnari Víði Bragasyni, A, B, C, D og E, sem dómtekið var 19. þ.m.

Málið er höfðað með fjórum ákæruskjölum á hendur ofangreindum aðilum. Verða ákæruskjölin nú rakin í tímaröð.

1. Ákæruskjal, dagsett 18. janúar 1988.

Með þessu ákæruskjali er málið höfðað á hendur „Agnari Víði Bragasyni, Hábergi 3, fæddum í Reykjavík 16. september 1966, A [...], B [...] og Kenneth Charles Meissner, Hagamel 14, fæddum í Bandaríkjum Norður-Ameríku 15. nóvember 1967, öllum til heimilis í Reykjavík, fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum, frömdum í Reykjavík, nema annar staður sé tekinn fram:

I. Ákærðu Agnari Víði og Kenneth Charles er gefið að sök:

1. Að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 9. desember 1986 brotist inn í húsnæði nokkurra fyrirtækja í Skipholti 17 A, unnið þar skemmdir og stolið um 25.000 krónum í reiðufé, 45.354 krónum í tékkum, litilli skjalatösku og tékkhefti frá Iðnaðarbankanum (RLR, mál nr. 4003/86).

2. Aðfaranótt fimmtudagsins 11. desember 1986 brotist inn í húsnæði nokkurra fyrirtækja við Laugaveg 28 og stolið þar 2.000 krónum úr peningakassa í versluninni Englabörnunum, 1.000 krónum úr peningakassa í versluninn Skinni og 5.000 krónum og 21 áfengisflösku á veitingastaðnum Shanghai (RLR, mál nr. 4010/87).

3. Brotist inn í frystihús og skrifstofur Hvaleyrar hf., Vesturgötu 11-13, Hafnarfirði, og stolið þar tékkhefti frá Útvegsbankanum í Hafnarfirði og um 20.000 krónum (RLR, mál nr. 4210/87).

II. Ákærðu Agnari Víði og B er gefið að sök að hafa aðfaranótt mánudagsins 27. júlí 1987 brotist inn í vöruhús Kaupfélags Árnesinga, Selfossi, og stolið þar um 213.500 krónum í tékkum og reiðufé úr 13 afgreiðslukössum og tekið síðan í heimildarleysi bifreiðina X-1075 á athafnasvæði kaupfélagsins, en ákærði B ók bifreiðinni án ökuréttinda til Reykjavíkur, að Vesturbergi 96 (RLR, mál nr. 2571/87).

Teljast ofangreindir þjófnaðir ákærðu varða við 244. gr. almennra heg-

ingarlaga, nr. 19/1940. Heimildarlaus taka þeirra á bifreið samkvæmt síðasta ákærulið telst varða við 1. mgr. 259. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 20/1956, og akstur ákærða B án réttinda samkvæmt sama ákærulið við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

III. Ákærðu Agnari Víði og A er báðum gefinn að sök þjófnaður með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 6. desember 1986 brotist inn í skrifstofur fyrirtækisins Nóa og Síriusar hf., Barónsstíg 2, og stolið þar 2 tékkheftum frá aðalbanka Iðnaðarbankans (RLR, mál nr. 3997/86).

Telst þetta varða við 244. gr. hegningarlaganna.

IV. Ákærða Agnari Víði eru einum gefin að sök eftirgreind brot:

1. Að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 25. nóvember 1986 brotist inn í skrifstofur Hampiðjunnar hf., Stakkholti 4, og stolið þar tösku og tékkhefti frá Handelsbanken í Kaupmannahöfn (RLR, mál nr. 3876/86).

2. Aðfaranótt föstudagsins 11. desember 1987 brotist inn í Vinnufatabúðina, Hverfisgötu 26, ásamt Guðmundi Eyjólfssyni, Tunguseli 7, Reykjavík, og stolið þar mynt úr peningakassa, en lögreglumenn komu að þeim á vettvangi (RLR, mál nr. 4112/87).

Telst háttsemi ákærða Agnars Víðis samkvæmt ákærulið IV., 1 - 2, varða við 244. gr. hegningarlaganna.

3. Tékkafals með því að nota í viðskiptum, svo sem rakið er, eftirgreinda tékka, sem hann falsaði á tékkaeyðublöð, sem hann hafði stolið, en tékkana ritaði hann alla til handhafa, nema annað sé tekið fram.

A. Tékkar á eyðublöðum frá Laugarnesútibúi Iðnaðarbankans, allir með útgáfuárituninni Sveinn Guðmundsson og stimpli skrifstofu Sveins Guðmundssonar, Skipholti 17 A, Reykjavík, sem ákærði hafði komist yfir samkvæmt ákærulið I.1 (RLR, mál nr. 4003/87).

1) Tékki nr. 389569, að fjárhæð kr. 3.000, dagsettur 17.12. 1986. Ákærði Agnar Víðir afhenti meðákærða A tékkann til notkunar í viðskiptum.

2) Tékki nr. 389564, að fjárhæð kr. 1.500, dagsettur 15.12. 1987, fram-seldur af Haraldi Erlendssyni, seldur í pylsuvagni við veitingastaðinn Evrópu, Borgartúni 32.

3) Tékki nr. 389571, að fjárhæð kr. 2.000, dagsettur 17.12 1986, fram-seldur af Elvari Guðmundssyni, Háaleitisbraut 43, og Sig, nnr. 7862-3306. Óvíst um notkun ákærða á tékkanum.

4) Tékki nr. 389562, að fjárhæð kr. 2.500, dagsettur 14.12. 1987, með framsalsáritununum K. Björnsson, 5805-0024, Háaleitisbraut 43, og Jón Ingi, nnr. 5112-2534.

B. Tékkar á eyðublöðum úr tékkheftum frá aðalbanka Iðnaðarbank-

ans, sem ákærðu Agnar Víðir og A komust yfir samkvæmt ákærulið III (RLR, mál nr. 3997/87).

5) Tékki nr. 2369496, að fjárhæð kr. 2.000, dagsettur 10.12. 1986, með útgefandanafninu Ásbjörn Andrason, seldur í Borgarbúðinni, Hófgerði 30, Kópavogi.

6) Tékki nr. 2369481, að fjárhæð kr. 1.500, dagsettur 6.12. 1986, með útgefandanafninu Aðalbjörn Andrason og framseljandaárituninni Jón Ingi, nnr. 5112-2354, seldur í sölurninum Hlemmtorgi við Hlemmtorg.

7) Tékki nr. 2369478, að fjárhæð kr. 2.500, dagsettur 6.12. 1986, með útgefandanafninu Aðalbjörn Andrason, seldur í veitingahúsinu Gauki á Stöng.

8) Tékki nr. 2369489, að fjárhæð kr. 2.600, dagsettur 8.12. 1986, með útgefandanafninu Ásbjörn Andrason og framsalsstimpli og áritun vegna hárgreiðslustofunnar Salon á Paris.

9) Tékki nr. 2369492, að fjárhæð kr. 2.000, dagsettur 8.12. 1986, með síðastgreindri útgefandanafnritun, seldur í sölurninum Ritu, Nýbýlavegi 26, Kópavogi.

10) Tékki nr. 2369488, að fjárhæð kr. 1.500, dagsettur 7.12. 1986. Ákærði seldi tékkann á veitingasölu Bifreiðastöðvar Íslands við Hringbraut.

C. Tékkar á eyðublöðum úr tékkhefti frá aðalbanka Verslunarbankans, allir með útgefandanafnrituninni K. Björnsson (RLR, mál nr. 3997/87).

11) Tékki nr. 4717618, að fjárhæð kr. 2.500, dagsettur 13.12. 1986, seldur á veitingastaðnum Hótel Borg við Austurvöll.

12) Tékki nr. 4717609, að fjárhæð kr. 1.000, dagsettur 11.12. en óársettur. Gefinn út til Bifreiðastöðvar Íslands, þar sem ákærði seldi tékkann.

Telst háttsemin í lið IV. 3 varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

— — —

3. *Ákæruskjal, dagsett 21. mars 1988.*

Með þessu ákæruskjali er málið höfðað á hendur „Agnari Víði Bragasoni, Hábergi 3, Reykjavík, fæddum í Reykjavík 16. september 1966, C [...], D [...] og E [...], fyrir eftirgreind brot:

I. Ákærðu Agnari Víði og C er gefið að sök að hafa aðfaranótt mánu dagsins 4. janúar 1988 brotist inn í Rækjustöð Meleyrar hf., Hvammstanga, og stolið þar 490 kg af rækju.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

— — —

4. *Ákæruskjal, dagsett 14. júní 1988.*

Með þessu ákæruskjali er málið höfðað á hendur „Agnari Víði Bragasyni, Hábergi 3, Reykjavík, fæddum þar í borg 16. september 1966, fyrir tékkasvik með því að hafa í desember 1987 gefið út til handhafa eftirtalda 12 tékka á reikning sinn nr. 30933 í Alþýðubankanum hf., Laugavegi 31, Reykjavík, án þess að innistæða væri fyrir hendi á honum, og notað tékkana, sem allir nema tveir eru dagsettir 17. desember, í viðskiptum með eftirgreindum hætti í Reykjavík, nema annað sé nefnt:

1. Nr. 1621828, kr. 3.000, notaður í staðgreiðsluviðskiptum í Shellskálanum í Hveragerði.

2. Nr. 1621832, kr. 4.000, notaður í staðgreiðsluviðskiptum á sama stað.

3. Nr. 1621827, kr. 6.000, notaður í staðgreiðsluviðskiptum í versluninni Blómaborg, Breiðumörk 12, Hveragerði.

4. Nr. 1621829, kr. 2.000, notaður í staðgreiðsluviðskiptum í afgreiðslu Olis í Hveragerði.

5. Nr. 1621834, kr. 4.500, dagsettur 18. desember, notaður í staðgreiðsluviðskiptum fyrir akstur í leigubíl frá Hveragerði til Reykjavíkur.

6. Nr. 1621835, kr. 3.000, dagsettur 18. desember, notaður í staðgreiðsluviðskiptum, að líkindum fyrir akstur í leigubíl.

7. Nr. 1622189, kr. 3.700, notaður í staðgreiðsluviðskiptum í verslun Miklagarðs sf., Holtagörðum við Holtaveg.

8. Nr. 1622190, kr. 8.500, notaður í staðgreiðsluviðskiptum á sama stað og í 7. lið.

9. Nr. 1622193, kr. 7.000, seldur í Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibúi, Laugavegi 77.

10. Nr. 1622195, kr. 1.000, notaður í staðgreiðsluviðskiptum í verslun Hlíðabakarís.

11. Nr. 1622196, kr. 6.000, seldur í Alþýðubankanum hf., Laugavegi 31.

12. Nr. 1622198, kr. 7.000, seldur í Útvegsbankanum hf., Álíheimum 74.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Ekki tókst að hafa uppi á Kenneth Charles Meissner vegna máls þessa, og er hann talinn búsettur erlendis, líklega í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Ríkissaksóknari heimilaði með bréfi, dagsettu 6. apríl sl., að þáttur Kenneths yrði greindur frá máli þessu og rekinn sér.

Ákærði B er sá eini hinna ákærðu, er heldur uppi vörnum í málinu, og skilaði verjandi ákærða B skriflegri vörn þann 19. þ.m., og var málið dómtekið sama dag.

Verða nú raktir málavextir varðandi ákæruskjölin í tímaröð, sbr. að framan.

1. *Ákæruskjal, dagsett 18. janúar 1988.*

Ákærða Agnari Víði og Kenneth Charles er gefið að sök:

Ákæruliður I, 1.

Ákærði Agnar bar um þessa háttsemi við lögregluþingmálsráðgjafi þann 19. desember 1986. Ákærði lýsti þá, hvernig hann braust inn í húsnæði nokkurra fyrirtækja í Skipholti 17 A aðfaranótt þriðjudagsins 9. desember 1986 með því að fara inn um glugga á þaki. Ákærði Agnar bar síðan um það, er stolið var á greindum stað.

Ákærði Agnar viðurkenndi hér fyrir dómi 28. apríl 1988 að hafa framið þá háttsemi, er hér er ákært út af.

Kenneth Charles Meissner hefur hjá lögreglu borið efnislega á sama veg og ákærði Agnar um háttsemi þá, er um getur í þessum ákærulið.

Ákæruliður I, 2.

Ákærði Agnar viðurkenndi við lögregluþingmálsráðgjafi þann 19. desember 1986 að hafa ásamt Kenneth Meissner brotist inn í húsnæði verslana við Laugaveg 28, Reykjavík, aðfaranótt föstudagsins 11. desember 1986. Ákærði bar, að þeir félagar hefðu þar frá nokkrum fyrirtækjum stolið peningum auk þess að hafa stolið áfengi úr kínverskum veitingastað.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi þann 28. apríl sl., og viðurkenndi ákærði þá að hafa framið þá háttsemi, er hér er ákært út af.

Kenneth Meissner hefur hjá lögreglu borið efnislega á sama veg og ákærði Agnar.

Ákæruliður I, 3.

Ákærði Agnar bar um þessa háttsemi hjá lögreglu þann 19. desember 1986 og viðurkenndi þá að hafa ásamt Kenneth Meissner brotist inn í Hvaleyri hf., Hafnarfirði, og stolið kr. 20.000 auk þess að stela þaðan ávísanahefti.

Ákærði bar á sama veg hér fyrir dómi 28. apríl 1988.

Kenneth Meissner hefur við lögregluþingmálsráðgjafi borið efnislega á sama veg og ákærði Agnar.

Ákæruliður II.

Ákærði B viðurkenndi við yfirheyrslu hjá lögreglu þann 4. ágúst 1987 að hafa ásamt meðákærða Agnari brotist inn í vöruhús Kaupfélags Árnesinga, Selfossi, aðfaranótt 27. júlí 1987. Ákærði lýsti nákvæmlega aðdraganda innbrotisins svo og innbrotinu sjálfu svo og því, er stolið var. Ákærði B kvað þá féлага síðan hafa stolið bifreiðinni X-1075 af athafnasvæði kaupfélagsins, og kvaðst ákærði B hafa ekið bifreiðinni til Reykjavíkur.

Ákærði Agnar var yfirheyrður hjá lögreglu 4. desember 1987, og bar hann þá efnislega á sama veg og meðákærði B varðandi háttsemi þá, er hér er ákært út af.

Ákærði Agnar viðurkenndi hér fyrir dómi þann 28. apríl sl. að hafa ásamt meðákærða framið þá háttsemi, er hér er ákært út af.

Borin var undir ákærða bótakrafa Kaupfélags Árnesinga, að fjárhæð kr. 628.426, og kvaðst ákærði vefengja þá tölu. Bótakrafa Kaupfélags Árnesinga hefur nú verið lækkuð um kr. 35.000.

Ákærði B var yfirheyrður hér fyrir dómi 14. júlí 1988 og viðurkenndi að hafa ásamt meðákærða Agnari framið þá háttsemi, er hér er ákært út af. Ákærði kvaðst og hafa ekið bifreiðinni, er þeir félagar stálu, til Reykjavíkur, en ákærði kvaðst aldrei hafa öðlast ökuréttindi.

Borin var undir ákærða ofangreind bótakrafa Kaupfélags Árnesinga, og kvaðst ákærði samþykkja kröfugerðina utan að gera athugasemdir við liðina laun starfsfólks og viðskiptalegt tjón vegna lokunar.

Ákæruliður III.

Ákærði Agnar viðurkenndi við lögreglu yfirheyrslu þann 19. desember 1986 að hafa ásamt meðákærða A brotist inn í skrifstofur fyrirtækisins Nóa og Síriusar hf. að Barónsstíg 2, Reykjavík, og stolið þaðan tveimur tékkheftum.

Ákærði Agnar bar hér fyrir dómi þann 28. apríl sl. að hafa ásamt meðákærða A þann 6. desember 1986 hrotist inn í skrifstofur Nóa og Síriusar hf. og stolið þeim verðmætum, er lýst er í þessum ákærulið.

Ákærði A hefur bæði hjá lögreglu og fyrir dómi borið efnislega á sama veg og meðákærði Agnar.

Ákærða Agnari Víði eru einum gefin að sök eftirgreind brot:

Ákæruliður IV, 1.

Ákærði bar hjá lögreglu 19. desember 1986 að hafa þann 25. nóvember 1986 brotist inn í skrifstofur Hampiðjunnar hf., Stakkholti 4, og stolið þaðan tösku og tékkhefti frá Handelsbanken í Kaupmannahöfn.

Ákærði bar efnislega á sama veg hér fyrir dómi þann 28. apríl sl.

Ákæruliður IV, 2.

Ákærði hefur viðurkennt bæði hjá lögreglu og hér fyrir dómi að hafa brotist inn í Vinnufatabúðina, Hverfisgötu 26, ásamt Guðmundi Eyjólfssyni aðfaranótt föstudagsins 11. desember 1987. Ákærði kvaðst hafa stolið mynt úr peningakassa, en lögreglan hafi handtekið ákærða á vettvangi.

Ákæruliður IV, 3 a, 1-4.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu þann 5. desember 1987, og viðurkenndi ákærði þá að hafa gefið út fjóra tékka, notað í viðskiptum og falsað nafn útgefanda, svo sem í ákæru greinir. Ákærði kvaðst hafa tilgreint reikningsnúmer af handahófi.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi þann 28. apríl sl. og viðurkenndi þá að hafa framið þá háttsemi, er hér er ákært út af.

Ákærði samþykkti framkomnar bótakröfur vegna tékkanna.

Ákæruliður IV, 3 b, 5-10.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu þann 5. desember 1987, og viðurkenndi ákærði þá að hafa gefið út þá 6 tékka, er hér er ákært út af (nr. 5-10), falsað nafn útgefanda tékkanna og notað tékkana í viðskiptum, svo sem í ákæru greinir.

Ákærði bar hér fyrir dómi 28. apríl sl. að hafa falsað tékka á eyðublöð frá Iðnaðarbankanum, svo sem lýst er í ákæru.

Ákærði samþykkti bótakröfur vegna tékkanna, en rétt er að geta þess, að ekki er fram kominn bótakrafa vegna tékka í lið 8.

Ákæruliður IV, 3 c, 11-12.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu 5. desember 1987 og viðurkenndi þá að hafa falsað þá tvo tékka, er hér er ákært út af, notað tékkana í viðskiptum, svo sem greint er í ákæru.

Ákærði bar hér fyrir dómi 28. apríl sl. að hafa falsað tvo tékka á eyðublöð frá Verslunarbankanum, og kvað ákærði útfyllingu og notkun tékkanna rétt lýst í ákæru.

Ákærði samþykkti bótakröfur vegna tékkanna.

— — —

*Ákæruskjal, dagsett 21. mars 1988.**Ákæruliður I.*

Ákærða C var yfirheyrð hjá lögreglu þann 4. janúar 1988 og bar þá um þá háttsemi, er hér er ákært út af. Ákærða kvað meðákærða hafa komið að máli við sig og beðið sig um að útvega bíl til að halda út á land. Ákærða kvaðst hafa tekið bíl á leigu og hafa síðan ásamt meðákærða og Dagnýju Hrönn Kristinsdóttur haldið svo sem leið lá til Hvammstanga, þar sem ákærða viðurkenndi að hafa ásamt meðákærða brotist inn og stolið 490 kg af rækju. Ákærða viðurkenndi að hafa vitað um tilgang fararinnar til Hvammstanga fyrir fram og hafi meðákærði boðið sér kr. 25.000 fyrir aksturinn. Ákærða bar og um flutning rækjunnar úr Rækjustöðinni Mel-

eyri hf. á Hvammstanga og yfir í bifreið ákærðu, sem hún kvaðst síðan hafa ekið til Reykjavíkur.

Ákærði Agnar Víðir bar efnislega á sama veg og meðákærða C, svo sem rakið hefur verið.

Ákærði Agnar Víðir var yfirheyrður hér fyrir dómi þann 28. mars sl., og viðurkenndi ákærði þá að hafa ásamt meðákærðu C brotist inn og stolið 490 kg af rækju í Rækjustöð Meleyrar á Hvammstanga þann 4. janúar 1988.

Ákærða C var yfirheyrð hér fyrir dómi þann 14. apríl sl., og viðurkenndi ákærða þá að hafa ásamt meðákærða Agnari Víði brotist inn og stolið 490 kg af rækju, svo sem í ákæru greinir.

— — —

Ákæruskjal, dagsett 14. júní 1988.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu vegna þessarar meintu háttsemi, m.a. í apríl 1988. Ákærði viðurkenndi þá að hafa gefið út alla þá 12 tékka, er hér er ákært út af. Tékkana kvaðst ákærði hafa gefið út á reikning sinn, nr. 30933, við Alþýðubankann hf., Laugavegi 31, án þess að innistæða væri fyrir hendi á reikningi ákærða. Frumrit þeirra tólf tékka, er ákært er út af, voru borin undir ákærða, og kannaðist hann við þá alla og notkun.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 6. apríl sl., og þá voru undir ákærða borin frumrit allra tékkana, er í ákæru greinir. Ákærði viðurkenndi að hafa gefið alla tékkana út og notað, svo sem í ákæru greinir.

Ákærði samþykkti fram komnar bótakröfur vegna tékkana, en ekkert hefur verið greitt af þeim kröfum.

Niðurstöður.

1. Ákæra, dagsett 18. janúar 1988.

I. ákæruliður. Liðir 1-3.

Svo sem rakið var að framan, hefur þáttur Kenneths Charles Meissners verið greindur frá máli þessu.

Sannað er með framburði ákærða, sem vel er studdur af öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur framið þá háttsemi, er honum er gefin að sök í þessum ákæruliðum.

Ekki er í lok þess ákæruliðar vitnað til lagaákvæðis, er þessi háttsemi ákærða varðar við, en svo virðist sem tilvitnun í lok II. liðar ákærunnar í 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eigi einnig við þessi brot ákærða, og er við það miðað hér. Öll þrjú brot ákærða í þessum ákærulið varða þannig við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. ákæruliður.

Sannað er með framburði beggja ákærðu og öðrum gögnum málsins, að ákærðu hafa framið þá háttsemi, er þeim er gefin að sök.

Brot ákærðu varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga, og heimildarlaus taka ákærðu á bifreiðinni varðar við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga. Umferðarlagabrot B varðar nú við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100 gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. áður þau ákvæði eldri umferðarlaga, er vitnað er til í ákærinni. Ákærða verður í máli þessu gerð refsing eftir hinum nýju umferðarlögum, sbr. meginreglu 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kaupfélag Árnésinga, Selfossi, hefur gert skaðabótakröfu vegna þeirrar háttsemi ákærðu, er í þessum ákærulið greinir, og er bótakrafan að upphæð kr. 593.426, en ekki er gerð krafa um vexti.

Ákærðu eru dæmdir til að greiða óskipt ofangreinda bótakröfu.

III. ákæruliður.

Sannað er með framburði ákærðu, sem vel er studdur af öðrum gögnum málsins, að þeir hafa framið þá háttsemi, er hér er ákært út af.

Brot ákærðu varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem í ákæru greinir.

IV. ákæruliður. Liðir 1 og 2.

Sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur gerst sekur um þau tvö innbrot og þjófnað, sem hér er ákært út af.

Brot ákærða varða við 244. gr. almennra hegningarlaga, svo sem í ákæru greinir.

IV. ákæruliður. Liður 3, A, B og C, tékkar nr. 1-12.

Með framburði ákærða, sem rækilega er studdur af öðrum gögnum málsins, þykir sannað, að ákærði hafi framið þá háttsemi, er ákært er út af hér. Varðandi tékka nr. 10 hefur láðst í ákæruskjalinu að geta útgefandanafnritunar, en ákærði hefur viðurkennt að hafa ritað nafnið Ásbjörn Andrason á greindan tékka, en það er sama nafn og á tékkum nr. 8 og 9 í þessum ákærulið. Þykja þessir annmarkar ekki koma að sök, og verður ákærði sakfelldur fyrir að hafa falsað þennan tékka með greindri nafnritun.

Brot ákærða í þessum ákærulið varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem greinir í ákæru.

Fram eru komnar skaðabótakröfur frá eftirtöldum aðilum vegna tékkanna nr. 1-12 í þessum lið ákærunnar:

Tékki nr. 1: Bótakrafa kr. 3.000. frá söluturninum Svarta Pétri, Skóla-vörðustíg 6, Reykjavík.

Tékki nr. 2: Bótakrafa kr. 1.500 frá Pylsuvagninum, Borgartúni.

Tékki nr. 3: Bótakrafa kr. 2.000 frá söluturninum: Sólvallagötu 27, Reykjavík, auk dómvaxta frá sýningardegi til greiðsludags.

Vegna tékka nr. 1-3 er í öllum tilvikum krafist dómvaxta frá sýningardegi til greiðsludags.

Tékki nr. 4: Bótakrafa kr. 2.500 frá Búnaðarbanka Íslands, Austurbæjarútibúi, ásamt vöxtum frá innlausnardegi skv. vaxtalögum nr. 25/1987.

Tékki nr. 5: Bótakrafa kr. 2.000 frá Borgarbúðinni hf.

Tékki nr. 6: Bótakrafa kr. 1.500 frá söluturninum Hlemmtorgi.

Tékki nr. 7: Bótakrafa kr. 2.500 frá veitingahúsinu Gauki á Stöng.

Ekki hefur komið fram bótakrafa vegna tékka nr. 8.

Tékki nr. 9: Bótakrafa kr. 2.000 frá söluturninum Ritu, Nýbýlavegi 26, Kópavogi.

Tékki nr. 10: Bótakrafa kr. 1.500 frá Bifreiðastöð Íslands hf.

Tékki nr. 11: Bótakrafa kr. 2.500 frá Hótel Borg.

Tékki nr. 12: Bótakrafa kr. 1.000 frá Bifreiðastöð Íslands.

Vegna tékka nr. 5-7 og 9-12 er í öllum tilfellum gerð krafa til dómvaxta frá sýningardegi tékkans og til greiðsludags.

Ákærði, sem samþykkt hefur bótakröfurnar vegna tékkanna, er dæmdur til að greiða ofangreindum aðilum skaðabætur utan kröfu vegna tékka nr. 1, en í því tilfalli er ákærði A dæmdur til greiðslu skaðabóta, sbr. V. ákærulið. Ákærði greiði vexti, svo sem greinir í dómsorði.

Ákæruskjal, dagsett 21. mars 1988.

I. ákæruliður.

Sannað er með framburði beggja ákærðu og öðrum gögnum, að ákærðu hafa gerst sekir um háttsemi þá, er hér er ákært út af, og varðar brot ákærðu við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákæra, dagsett 14. júní 1988.

Sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur gerst sekur um tékkasvik með því að gefa út og nota, svo sem í ákæru greinir, þá 12 tékka, er ákært er út af. Brot ákærða varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem greinir í ákærunni.

Vegna þeirra 12 tékka, er hér er ákært út af, hafa komið fram skaðabætur (sic) frá eftirtöldum aðilum:

Tékkar nr. 1 og 2: Bótakrafa frá Shellskálanum, Austurmörk 22, Hveragerði, alls kr. 7.807 með kostnaði, en ekki er krafist vaxta.

Tékki nr. 3: Bótakrafa frá Blómaborg sf., Breiðumörk 12, Hveragerði,

kr. 6.000 auk vaxta og dráttarvaxta samkvæmt 7. og 15. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, til greiðsludags.

Tékki nr. 4: Bótakrafa frá Oliúverslun Íslands hf. auk vaxta og dráttarvaxta, svo sem greinir í næsta lið hér að ofan.

Tékki nr. 5: Bótakrafa frá Sigríði Hrólfsdóttur, Hveramörk 12, Hveragerði, kr. 4.500, en ekki er krafist vaxta.

Tékki nr. 6: Bótakrafa frá Oliúverslun Íslands hf. kr. 3.000.

Tékkar nr. 7 og 8: Bótakrafa frá Miklagarði hf. við Holtaveg, kr. 12.200.

Vegna tékka nr. 6-8 er krafist vaxta og dráttarvaxta samkvæmt 7. og 15. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, til greiðsludags.

Tékki nr. 9: Bótakrafa kr. 4.500 frá Landsbanka Íslands, Austurbæjar-útibúi, auk hæstu lögleyfðu dráttarvaxta frá sýningardegi til greiðsludags.

Tékki nr. 10: Bótakrafa frá Kára Eypórssyni, Hraunbæ 36, Reykjavík, kr. 1.000.

Tékki nr. 11: Bótakrafa frá Alþýðubankanum hf., kr. 6.000.

Vegna tékka nr. 10 og 11 er í báðum tilfellum krafist vaxta og dráttarvaxta samkvæmt 7. og 15. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, til greiðsludags.

Tékki nr. 12: Bótakrafa frá Ævari Guðmundssyni hdl. f.h. Útvegsbanka Íslands hf., Álíheimum 74, Reykjavík, kr. 7.000 auk vaxta samkvæmt 7. og 15. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, til greiðsludags auk innheimtukostnaðar, bankakostnaðar og söluskatts, samtals kr. 4.050, skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Ákærði er dæmdur til að greiða ofangreindum kröfuhöfum þær skaðabætur, sem krafist er, og til að greiða vexti, svo sem greinir í dómsorði.

Ákvörðun refsingar.

Ákærði Agnar Víðir Bragason hefur þrátt fyrir ungan aldur gengist undir tvær dómsáttir frá 1983 fyrir brot gegn áfl. og gegn 259. gr. almennra hegningarlaga. Þá hefur Agnar hlotið sex refsidóma fram til desember 1986 fyrir brot gegn 155. og 244. gr. almennra hegningarlaga. Frá desember 1986 hefur ákærði Agnar hlotið eftirtalda dóma:

1987 4/12 Sakadómur Rvík. nr. 696. Dómur: Fangelsi 8 mán., hegnauki, f. brot g. 1. mgr. 155. gr., 244. gr. og 248. gr. hgl.

1988 22/12 Sakadómur Rvík. nr. 715. Dómur: 12.000 kr. sekt. Sýknaður af kröfu um ökuleyfissviptingu f. brot g. 1., sbr. 2. mgr. 45. og 1. mgr. 48. gr. umfl.

1989 26/1 Dómur Hæstaréttar í ofangreindu máli frá 4.12. 1987: Fangelsi í 8 mán.

1989 15/3 Sakadómur Rvík. nr. 130. Dómur: Fangelsi 15 mán. f. brot g. 1. mgr. 155., 244. og 1. mgr. 259 gr. hgl.

Ákærði Agnar er í máli þessu sakfelldur fyrir 8 innbrot, oftast í samvinnu við aðra. Þýfið var m.a. 490 kg af rækju, útfylltir tékkar, tékkhefti, á fjórða hundrað þúsund krónur í reiðufé og tékkum, 21 flaska af áfengi o.fl., svo sem rakið hefur verið. Þá er ákærði Agnar sakfelldur fyrir útgáfu 24 tékka, þar sem ýmist var beitt skjalafalsi eða tékkasvikum, og hafði ákærði þannig út um kr. 80.000.

Brot ákærða Agnars eru stórfelld, og sammæltist ákærði oft við aðra um framningu brotanna, og verður það virt ákærða til þyngingar við ákvörðun refsingar, sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða Agnars verður ákvörðuð með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga, sbr. hluta sakavottorðs ákærða, er tekinn er upp hér að framan, en nokkur tími er nú liðinn, síðan ákærði framdi mörg þeirra brota, er nú er ákært út af.

Að öllu ofanrituðu virtu og með hliðsjón af sakaferli ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin sem fangelsi í 12 mánuði. Ákærði Agnar sætti gæsluvarðhaldi frá 5. janúar 1988 til 29. febrúar 1988 í þágu rannsóknar málsins, og er rétt með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga, að 55 daga gæsluvarðhald komi til frádráttar fangelsisrefsingu ákærða Agnars.

Ákærði er loks dæmdur til að greiða skaðabætur, svo sem að ofan greinir.

— — —

Ákærðu greiði sakarkostnað óskipt, utan að ákærði B greiði skipuðum verjanda sínum, Ólafi Garðarssyni hdl., kr. 15.000 í málsvarnarlaun.

Dómarinn tók við rekstri máls þessa í febrúar sl.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Agnar Víðir Bragason, sæti fangelsi í 12 mánuði, en til frádráttar komi 55 dagar, er hann sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins.

Ákærði Agnar greiði eftirtöldum aðilum skaðabætur með vöxtum, svo sem hér greinir:

1. Ákærði Agnar og ákærði B greiði Kaupfélagi Árnesinga, Sel-fossi, óskipt kr. 593.426.

2. Pylsuvagninum, Borgartúni, kr. 1.500 auk dómvaxta frá 17. desember 1986.

3. Söluturninum, Sólvallagötu 27, Reykjavík, kr. 2.000 ásamt dómvöxtum frá 18. desember 1986.

4. Búnaðarbanka Íslands kr. 2.500 ásamt dómvöxtum frá 16. desember 1986.

5. Borgarbúðinni, Hófgerði 30, Kópavogi, kr. 2.000 ásamt dómvöxtum frá 11. desember 1986.

6. Söluturninum, Hlemmtorgi, kr. 1.500 auk dómvaxta frá 8. desember 1986.

7. Veitingahúsinu Gauki á Stöng, Reykjavík, kr. 2.500 auk dómvaxta frá 18. desember 1986.

8. Söluturninum Ritu, Nýbýlavegi 26, Kópavogi, kr. 2.000 auk dómvaxta frá 9. desember 1986.

9. Bifreiðastöð Íslands hf. kr. 1.500 auk dómvaxta frá 8. desember 1986.

10. Hótel Borg, Reykjavík, kr. 2.500 auk dómvaxta frá 15. desember 1986.

11. Bifreiðastöð Íslands kr. 1.000 auk dómvaxta frá 12. desember 1986.

Í öllum tilvikum hér að ofan, er dæmdir eru dómvextir, skulu þeir gilda frá þeim degi, er tilgreindur er, og til 14. apríl 1987, en frá þeim degi til greiðsludags reiknist á allar kröfurnar almennir vextir skv. 7. gr. laga nr. 25/1987 og til greiðsludags.

12. Shellskálanum, Austurmörk 22, Hveragerði, kr. 7.807.

13. Blómaborg, Breiðumörk 12, Hveragerði, kr. 6.000 auk dráttarvaxta frá 18. desember 1987 til greiðsludags.

14. Olíuverslun Íslands hf. kr. 2.000 auk dráttarvaxta frá 18. desember 1987 til greiðsludags.

15. Sigríði Hrólfsdóttur, Hveramörk 12, Hveragerði, kr. 4.500.

16. Olíuverslun Íslands hf. kr. 3.000 auk dráttarvaxta frá 18. desember 1987 til greiðsludags.

17. Miklagarði sf., v/Holtaveg, kr. 12.200 auk dráttarvaxta frá 18. desember 1987 til greiðsludags.

18. Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibúi, kr. 4.600 auk dráttarvaxta frá 18. desember 1987 til greiðsludags.

19. Kára Eyþórssyni, Hraunbæ 36, Reykjavík, kr. 1.000 auk dráttarvaxta frá 18. desember 1987 til greiðsludags.

20. Alþýðubankanum hf. kr. 6.000 kr. auk dráttarvaxta frá 17. desember 1987 til greiðsludags.

21. Ævari Guðmundssyni hdl. f.h. Útvegsbanka Íslands hf., Álf-

heimum 74, Reykjavík, kr. 7.000 auk dráttarvaxta frá 17. desember 1987 til greiðsludags. Þá greiði ákærði Agnar einnig kr. 4.050 vegna söluskatts, innheimtu- og bankakostnaðar.

— — —

Ákærðu greiði óskipt þann sakarkostnað, sem ekki er tilgreindur sérstaklega í dómsorði.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. mars 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 15. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 130-131/1989: Ákærvaldið gegn Agnari Víði Bragasyni og X, sem tekið var til dóms í gær.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 2. febrúar sl., á hendur ákærðu, Agnari Víði Bragasyni, Hábergi 3, fæddum 16. september 1966, og X [.....], báðum búsettum í Reykjavík og fæddum þar í borg.

Í ákærinni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum, framin í Reykjavík, nema annar staður sé tekinn fram, í júní og júlí 1988:

I. Ákærða Agnari Víði er einum gefið að sök:

1. Að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 28. júlí tekið í heimildarleysi bifreiðina R-14688 við bílasöluna Bílakaup, Borgartúni 1, og ekið henni til Hellu, Rangárvallasýslu, og aftur til Reykjavíkur (RLR, mál nr. 2732/88).

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956.

2. Sömu nótt brotist inn í söluskálann Öndvegi, Hraungerðishreppi, Árnassýslu, og stolið þar um 30 vindlingalengjum, 10.000 krónum í tékkum og reiðufé og happadrættismiðum (RLR, mál nr. 3652/88).

3. Sömu nótt brotist inn í verslunarhús Kaupfélagsins Þórs, Hellu, og stolið peningaskáp, sem hafði meðal annars að geyma peninga og tékka, að fjárhæð kr. 874.073,03, og greiðslukortaseðla, að verðmæti kr. 716.156. (RLR, mál nr. 2732/88).

4. Að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 23. júní brotist inn í húsnæði G.G.S. hf., Grensásvegi 12, og stolið þar peningakassa og um 30.000 krónum (RLR, mál nr. 2285/88).

5. Aðfaranótt miðvikudagsins 6. júlí brotist inn í húsnæði Ferðaskrifstofu Reykjavíkur, Aðalstræti 16, og stolið 300 dönskum krónum (RLR, mál nr. 2459/88).

6. Að morgni fimmtudagsins 7. júlí brotist inn í skrifstofur skipadeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga, Lindargötu 9 E, og stolið þar peningaskáp, sem hafði að geyma um 30.000 krónur í reiðufé og víxla og tékka, að fjárhæð samtals allt að um kr. 5.000.000. Ákærði hafði reiðuféð til eigin þarfa, en fleygði öðru innihaldi skápsins (RLR, mál nr. 2458/88).

7. Hinn 9. eða 10. júlí brotist inn í húsnæði nokkurra fyrirtækja í húsinu nr. 16 við Aðalstræti og stolið um 300 enskum pundum og 1.600 bandarískum dollurum (RLR, mál nr. 2486/88).

8. Aðfaranótt laugardagsins 16. júlí brotist inn í húsnæði þriggja fyrirtækja í húsinu nr. 5 við Vesturgötu og stolið gjafaöskju með litlum vínflöskum, 7.900 krónum í reiðufé og tékka, að fjárhæð kr. 20.536 (RLR, mál nr. 2576/88).

9. Aðfaranótt sunnudagsins 17. júlí brotist inn í húsnæði Skiparadíós hf. og Umboðs- og heildverslunar Óskars Péturssonar, Vesturgötu 26 B, og stolið 200 dönskum krónum (RLR, mál nr. 2564/88).

10. Aðfaranótt þriðjudagsins 19. júlí brotist inn í húsnæði nokkurra fyrirtækja í húsinu nr. 2 við Brautarholt og stolið þar stuttbylgjumóttakara í versluninni Japis (RLR, mál nr. 2589/88).

11. Í framhaldi af síðastgreindu innbroti brotist inn í verslunina Nesval, Melabraut 57, Seltjarnarnesi, og stolið 37 vindlingalengjum, um 15.000 krónum í reiðufé og tékka, að fjárhæð kr. 7.756 (RLR, mál nr. 2596/88).

Telst háttsemi ákærða í lið I, 2-11, varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

12. 7. og 8. júlí staðið að því í félagi við Ingunni Björgu Arnardóttur að falska og selja tvo tékka, gefna út með ólæsilegri nafnritun f.h. Borgarhúsgagna hf. á tékkareikning nr. 191 á eyðublaði frá Útvegsbanka Íslands, Álfheimum 74, Reykjavík, en óútfylltum að öðru leyti, sem hann stal í innbrotinu samkvæmt ákærulið I, 6 að framan. Ákærði og Ingunn dagsettu tékkana þann 1.7. 1988 til Ágústu Andrésdóttur og rituðu fjárhæð þeirra, kr. 23.000. Ingunn falsaði á tékkana framseljandanafnritunina Ágústa Andrésdóttir, seldi þá í afgreiðslum Útvegsbankans í Austurstræti 19 og Laugavegi 105, og skiptu Ingunn og ákærði með sér andvirði þeirra (RLR, mál nr. 2458/88).

13. Þann 28. júní staðið að því í félagi við ofangreinda Ingunni að falska og selja í miðbæjarútibúi Búnaðarbankans tékka, að fjárhæð 10.000 krónur, dagsettan 27.6. 1988 og útgefinn til handhafa af Reyni Harðarsyni á alreikning nr. 110064 á eyðublaði nr. 142 frá Iðnaðarbankanum við

Hörgártún, Gardakaupstað, sem Ingunn falsaði með framseljandanafnrituninni Ágústa K. Andrésdóttir, 0150-3480 (RLR, mál nr. 2839/88).

Telst háttsemin í lið I, 12 og 13, varða við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaganna.

II. Ákærðu Agnari Víði og X er báðum gefið að sök tékkafals með því að hafa þann 15. júní staðið saman að því að falsa og selja í Reykjavík eftirgreinda tékka, alla að fjárhæð kr. 17.000, sem ákærði Agnar ritaði á stolin eyðublöð frá Alþýðubankanum hf., Suðurlandsbraut 30, dagsetti 15. júní til handhafa á reikningsnúmerið 3858 og falsaði með útgefandanafnrituninni Einar Heiðarsson, og sem ákærði X framvísaði og falsaði með framsalsárituninni Hilmar Adolfsson, nnr. 4114-1069. Ákærði X framvísaði við sölu tékkanna nafnskirteini ofangreinds Hilmars, sem ákærðu höfðu falsað með því að setja á það mynd af ákærða X. Ákærðu skiptu með sér andvirði tékkanna:

1. Tékki nr. 766787, seldur í Samvinnubankanum, aðalbanka.
2. Tékki nr. 766788, seldur í Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka.
3. Tékki nr. 766790, seldur í aðalbanka Landsbanka Íslands.
4. Tékki nr. 766791, seldur í Útvegsbanka Íslands, Austurstræti 19.
5. Tékki nr. 766793, seldur í miðbæjarútibúi Búnaðarbankans (RLR, mál nr. 2236/88).

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

I.

Háttsemi ákærða Agnars Víðis Bragasonar.

1. Ákærði Agnar Víðir Bragason hefur viðurkennt að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 28. júlí sl. spennt upp með hnífi glugga á bakhlið húsnæðis bílasölnunnar Bílakaupa í Borgartúni 1 í Reykjavík. Skreidd hann síðan inn um gluggann. Kveðst ákærði hafa verið einn á ferð. Inni í húsnæðinu fann ákærði lykla, sem merktir voru Toyota Tercel-skutbifreiðinni R-14688, sem var til söluméðferðar hjá bílasölnunni og stóð fyrir utan hana. Ákærði opnaði bifreiðina, ræsti hana og ók henni heimildarlaust á brott, fyrst að húsi í Reykjavík, þar sem hann tók farþega, sem hann vill ekki nafngreina, og síðan að söluskálanum Öndvegi við Suðurlandsveg við mót Skeiðavegar og þaðan austur að Hellu á Rangárvöllum. Eftir stutta viðdvöl þar var ekið áfram til Reykjavíkur með viðkomu í Kerhólum í Grímsnesi og við malarveg í nánd við Rauðavatn. Þegar til Reykjavíkur var komið, skildi ákærði bifreiðina eftir á bifreiðastæði við Rofabæ 39, þar sem hún fannst með brotna afturrúðu, en óskemmd að öðru leyti.

2. Á leið sinni austur á Hellu stansaði ákærði, eins og áður greinir, við söluskálann Öndvegi, þar sem hann og farþegi hans brutust inn. Kveðst ákærði hafa brotið upp með skrufjárnri hengilás að skúrbyggingu við sölu-skálann, og síðan braut hann rúðu í glugga þar inni, og gátu ákærði og farþegi hans þá komist inn í skálann. Þar inni stálu ákærði og farþegi hans 35 vindlingalengjum, 10.000 krónum í peningum og tékkum og 60 happaprennum. Á leiðinni til Reykjavíkur földu ákærði og farþegi hans þýfið úr þessu innbroti utan við áðurgreindan malarveg við Rauðavatn, en það var í hvítum plastpoka. Ákærði og farþegi hans héldu þó eftir peninga-seðlumum og eyddu þeir peningunum í sameiningu í eigin þarfir.

Þremur dögum eftir innbrotið fundu tveir gangandi vegfarendur þrjá tékka á víðavangi á Hólmsheiði og skiluðu þeim til lögreglunnar í Reykjavík, en rannsóknarlögreglumenn fóru að tilvísan fólksins og leituðu í nágrenninu, en þá var ljóst, að tékkunum hafði verið stolið í innbroti. Fundu rannsóknarlögreglumennirnir pokann, og voru í honum 35 lengjur af vindlingum, 4.000 krónur í skiptimynt og 60 happaprennur. Var pokinn í laut, og hafði heyi verið dreift yfir hann, svo að lítið bæri á honum. Ekki er ákært fyrir þjófnað á nema 30 vindlingalengjum. Framangreindu þýfi var skilað til söluskálans.

3. Þegar ákærði og farþegi hans voru komnir austur á Hellu, brutust þeir inn hjá Kaupfélaginu Þór. Komust ákærði og farþegi hans inn í húsið með því að spenna upp kjallarahurð með felgufjárnri, sem ákærði fann í bifreiðinni. Fyrst leituðu þeir félagar að verðmætum á götuhæðinni, en tóku ekkert þar. Á hæðinni fyrir ofan tók ákærði eitthvað af peningum úr plastboxi og peningaskáp, sem þeir báru út í bifreiðina og settu aftast í hana. Þegar þeir skelltu aftur skotthurðinni, rakst rúðan í skápinn og brotnaði. Á ferð ákærða og féлага hans um húsið urðu nokkrar skemmdir, málningardósir hrundu niður í kjallaranum, og ein þeirra opnaðist. Fór málning á gólfið, og steig ákærði ofan í hana, svo að hún dreifðist um gólfið. Þá sparkaði ákærði upp einni hurð á efri hæðinni.

Ákærði og farþegi hans óku nú í Kerhóla í Grímsnesi, en þar fóru þeir með peningaskápinn í rauðamalargryfju og sprengdu bakhlið hans upp með öxi og meitli, sem þeir höfðu tekið í söluskálanum, en verkfærunum hentu þeir síðan. Ákærði telur, að í skápnum hafi verið um 300.000 krónur í peningum, tékkar og alls kyns pappírar. Ákærði vill ekki vefengja, að í skápnum hafi verið peningar og tékkar, að fjárhæð samtals kr. 874.073,03, og greiðslukortaseðlar, að verðmæti 716.156 krónur, en samkvæmt upplýsingum frá kaupfélaginu voru þessi verðmæti í skápnum. Ákærði segir, að farþegi hans hafi lagt eld í annað innihald skápsins en peningana.

Næsta morgun fóru ákærði og Garðar Garðarsson, Stangarholti 26 í Reykjavík, flugleiðis til Oslóar, og greiddi ákærði fyrir farið og gjaldeyri

með hluta af þýfinu, en afganginum skiptu þeir á milli sín og notuðu sam-
eiginlega.

Laugardaginn 30. júlí sl. tilkynntu hjón, sem höfðu verið á göngu í svo-
nefndum Kerhólum skammt sunnan við Kerið í Grímsnesi, að þau hefðu
fundið peningaskáp þar. Reyndist þar um að ræða peningaskápinn frá
Kaupfélaginu Þór, og lá hann á framhliðinni með bakið upp, og var búið
að spenna bæði ytra og innra byrði þess upp, en það hafði verið skrúfað
á skápinn. Einu verkfærin, sem fundust á staðnum, var verkfærasett úr
bifreið, en þó ekki felgújárn. Reyndust verkfærin úr bifreiðinni R-14688.

Í skápnum voru tvær járnskúffur og lítill peningakassi. Þá voru í honum
nokkrar sjóðbækur og ýmis skjöl. Tilraun hafði verið gerð til þess að
kveikja í greiðslukortaseðlum og tékkum, sem voru í járnskúffunum, en
innihaldið var þó ekki brunnið nema að hluta. Samkvæmt upplýsingum
starfsmanna kaupfélagsins voru í skápnum gamlar sjóðbækur með bók-
haldi innlánsdeildar og stofnsjóðs kaupfélagsins og nokkur skuldabréf,
einnig tryggingarvixill, að fjárhæð 7.000.000 krónur. Reyndist þetta
óskemmt. Auk greindra skjala höfðu ekki verið í skápnum fleiri verðmæt
skjöl og pappírar önnur en greiðslukortaseðlar og tékkar. Við athugun á
tékkunum kom í ljós, að flestir þeirra voru illa brunnið, en þó voru 19
tékkar hálfbrunnið, sem hægt var að lesa af annaðhvort reikningsnúmer
og/eða tékkanúmer ásamt fjárhæð. Voru þessir tékkar að fjárhæð
427.273,03 krónur, þar af einn tékki að fjárhæð 406.073,03. Nothæfir
greiðslukortaseðlar reyndust vera samtals að fjárhæð 560.000 krónur, en
aðrir voru ónýtir vegna bruna.

Samkvæmt upplýsingum skrifstofustjóra kaupfélagsins vantaði í skápinn
peninga, tékka og greiðslukortaseðla, að fjárhæð samtals 602.956 krónur.

4. Aðfaranótt fimmtudagsins 23. júní sl. braust ákærði inn í húsnæði
G.G.S. hf. að Grensásvegi 12 í Reykjavík með því að fara inn um opnan-
legan glugga á götuhlið, sem liggur inn í vinnslusal. Ákærði kveðst hafa
slegið eign sinni á peninga, sem hann fann í rauðum peningakassa í vinnslu-
salnum. Einnig sló ákærði eign sinni á bláan peningakassa, sem hann fann
inni í skrifstofu fyrirtækisins. Ákærði hafði bláa peningakassann á brott
með sér, og fyrir utan húsið sprengdi hann kassann upp og tók úr honum
peninga. Ákærði vefengir ekki, að í bláa kassanum hafi verið um 10.000
krónur og í rauða kassanum um 20.000 krónur, en samkvæmt upplýsingum
eins eiganda fyrirtækisins voru þessar fjárhæðir í kössunum. Ákærði kveðst
hafa eytt öllum peningunum í eigin þágu eða eitthvert rugl.

5. Ákærði kveðst hafa brotist aðfaranótt miðvikudagsins 6. júlí sl. inn
í húsnæði Ferðaskrifstofu Reykjavíkur að Aðalstræti 16 í Reykjavík með
því að brjóta upp rúðu í opnanlegum glugga á suðurhlið hússins og opna
hann síðan. Þá braut ákærði stóra rúðu í hurð að skrifstofu gjaldkera á

leið sinni um húsið í leit að verðmætum. Í skrifstofu gjaldkerans sló ákærði að eigin sögn eign sinni á 300 danskar krónur og 30.000 íslenskar krónur, sem ekki er ákært fyrir stuld á, enda lét rannsóknarlögregla ríkisins undir höfuð leggjast að spyrja forráðamenn skrifstofunnar, hvort þeir söknuðu þeirrar fjárhæðar, en látið var nægja að skrá við upphaf rannsóknar málsins, að 300 dönskum krónum hefði verið stolið. Ákærði eyddi öllum peningunum í eigin þágu.

6. Ákærði kannast við að hafa snemma morguns fimmtudagsins 7. júlí sl. brotist inn í skrifstofur skipadeildar SÍS að Lindargötu 9 A í Reykjavík með því að spenna upp með hnífi opnanlegan glugga á 1. hæð og skriða inn um hann, en glugginn sneri út í port. Þegar inn var komið, sá ákærði fljótlega litinn peningaskáp í gjaldkerastúku á 1. hæð, og sló hann eign sinni á skápinn og hafði á brott með sér. Ákærði fór með skápinn í bifreið, sem hann var með. Ók hann með hann að húsi við Skeggjagötu í Reykjavík og skreidd þar inn í kjallaraíbúð kunningja síns um glugga, en kunninginn var fjarverandi. Í íbúð kunningjans opnaði ákærði skápinn með því að snúa sundur læsinguna með felgulykli. Í skápnum var mikið af alls kyns skjölum, víxlum, tékkum og skuldabréfum svo og um 30.000 krónur í reiðufé. Telja forráðamenn skipadeildarinnar, að verðmæti víxlanna, tékkanna og skuldabréfanna hafi verið yfir 5.000.000 króna. Ákærði tók peningana og notaði þá í eigin þágu, en skjölin setti hann í svartan plastpoka, sem hann henti í ruslatunnu við hús á Vatnsstíg. Þetta gerði ákærði tveimur dögum eftir innbrotið, en skápinn setti ákærði í miðstöðvarklefa í húsinu, og fannst hann þar með ónýta hurð og skemmda hlið, sem reynt hafði verið að saga upp.

Ákærði getur ekki vefengt, að víxlarnir, tékkarnir og skuldabréfin hafi verið að fjárhæð samtals allt að um 5.000.000 króna, en ákærði gerði enga tilraun til að leggja saman fjárhæð þessara gagna, áður en hann henti þeim. Þau fundust ekki.

7. Hinn 9. eða 10. júlí sl. braust ákærði inn í húsið nr. 16 við Aðalstræti í Reykjavík öðru sinni með því að brjóta rúðu í glugga á vesturhlið hússins með steini og skriða inn um hann. Ákærði fór um allt húsið í leit að peningum og braut upp nokkrar hurðir. Í húsinu stal ákærði um 300 enskum pundum og 1600 bandarískum dollurum, en þessa peninga fann ákærði í seðlaveski í skrifborði á efri hæð hússins. Peningunum eyddi ákærði í ferðalag til Lúxemborgar.

8. Aðfaranótt laugardagsins 16. júlí sl. braust ákærði inn í húsið nr. 5 við Vesturgötu í Reykjavík með því að brjóta upp glugga á vesturhlið hússins og skriða þar inn. Ákærði fór um húsið í leit að verðmætum og stal þar gjafaðskju með litlum vínflöskum, 7.900 krónum í peningum og tékka, að fjárhæð 20.536 krónur. Þá braut hann upp hurðir á ferð sinni um

húsið. Ákærði drakk vínið og eyddi peningunum og andvirði tékkans í eigin þarfir.

9. Aðfaranótt sunnudagsins 17. júlí sl. braust ákærði inn í húsið Vesturgötu 26 B í Reykjavík með því að spenna upp opnanlegan glugga og fara þar inn. Í húsinu sló ákærði eign sinni á 200 danskar krónur, sem hann notaði í eigin þágu. Peningana fann ákærði í skrifborðsskúffu.

Ákærði man ekki eftir því, að skiparadar hafi fallið í gólfíð, en að sögn forráðamanna fyrirtækisins átti það sér stað. Urðu skemmdir á radarnum við fallið. Ákærði telur ekki með öllu útilokað, að radarinn hafi fallið í gólfíð.

10. Aðfaranótt þriðjudagsins 19. júlí sl. braust ákærði inn í húsið Brautarholt 2 í Reykjavík með því að klifra upp rennu á suðurhlíð hússins og skríða inn um opnanlegan glugga, sem var opinn. Ákærði fór um húsið í leit að verðmætum og braut þá upp einhverjar hurðir, en hið eina, sem ákærði stal í þessu húsi, var stuttbylgjumóttakari í versluninni Japis á 1. hæð hússins. Ákærði getur ekki gert grein fyrir, hvað varð um tækið.

11. Sömu nótt og að framan greinir og eftir förina inn í húsið að Brautarholti 2 braust ákærði inn í verslunina Nesval á Seltjarnarnesi með því að brjóta plötu í dyrunum og fara inn um gatið. Þarna stal ákærði 37 vindlingalengjum, um 15.000 krónum í reidufé úr búðarkössum og í skrifstofu. Einnig stal ákærði tékka, að fjárhæð 7.756 krónur. Ákærði reykti hluta af vindlingunum, en seldi afganginn og eyddi peningunum í eigin þarfir svo og peningunum úr versluninni og andvirði tékkans. Auk framangreindra verðmæta tók ákærði þarna einhvern tékka og óútfyllt tékkaeyðublöð, sem hann henti.

12. Ákærði komst í innbrotinu skv. 6. lið hér að framan yfir tvö eyðublöð á tékkareikning frá Útvegsbanka Íslands, Álíheimum 74, Reykjavík, sem voru gefin út með ólæsilegri nafnritun og stimpli Borgarhúsgagna hf. og árituðu reikningsnúmeri 191. Ákærði kveðst hafa fyllt út bæði eyðublöðin og gert úr þeim tékka, að fjárhæð 23.000 krónur hvorn, og stílaða á Ágústu Andrésdóttur, útgáfudagur 1.7.1988. Ákærði fékk síðan Ingunni Björgu Arnardóttur, Laugavegi 33 A í Reykjavík, til að fara með tékkana og selja þá í Útvegsbankanum í Austurstræti og að Laugavegi 105, en um leið og hún seldi þá, falsaði hún á þá nafnið Ágústa Andrésdóttir. Hafði Ingunn Björg þá undir höndum ökuskírteini Ágústu, sem hún hafði komist yfir, en í það hafði hún sett mynd af sjálfri sér. Ingunn Björg fékk einhverja greiðslu fyrir sölu tékkanna, en meginhluta af andvirði þeirra fékk ákærði og notaði í eigin þarfir.

13. Ákærði kveðst hafa komist yfir ónotað tékkaeyðublöð á reikning við Iðnaðarbankann í Garðakaupstað með áprentuðu nafni Reynis Harðarsonar, Holtsbúð 14 í Garðabæ, og reikningsnúmerinu 110064, en Reynir

mun hafa glatað eyðublaðinu á veitingastað í Reykjavík eða því var stolið frá honum þar. Ákærði kveðst hafa fyllt út framhlið tékkans að öllu leyti og falsað undir nafnið Reynir Harðarson. Fjárhæðin er 10.000 krónur og útgáfudagur 27. júní 1988. Síðan fékk ákærði áðurgreinda Ingunni Björgu til að fara með tékkann og selja hann í miðbæjarútibúi Búnaðarbankans, en þá um leið framseldi hún að hans sögn tékkann með nafninu Ágústa K. Andrésdóttir. Ákærða minnir, að Ingunn Björg hafi látið hann fá alla peningana, sem hann eyddi í eigin þarfir. Ingunn Björg kvaðst hjá rannsóknarlögreglu ekki muna eftir sölu tékkans, en kannaðist við að hafa falsað framsalsnafnið.

II.

Háttsemi ákærðu Agnars Víðis Bragasonar og X.

Ákærðu Agnar Víðir og X hafa viðurkennt að hafa hinn 15. júní sl. staðið að því í félagi að falsa og selja í Reykjavík þá fimm tækka, hvern að fjárhæð 17.000 krónur, sem um ræðir í þessum kafla ákærunnar og þar er um alla gerð rétt lýst. Ákærði Agnar Víðir kveðst hafa ritað framhlið tékkanna, og ákærði X segist hafa framselt tékkana með nafninu Hilmar Adolfsson, þegar þeir voru seldir, en ákærði X kveðst einn hafa séð um sölu tékkanna og fékk í sinn hlut helming af andvirði hvers þeirra. Er sölustöðum tékkanna rétt lýst í ákærunni. Eyddu ákærðu í eigin þágu því, sem þeir fengu fyrir tékkana.

Við sölu tékkanna framvísaði ákærði X nafnskirteini Hilmars Adolfs-sonar, Tunguseli 11 í Reykjavík, en hann skýrði rannsóknarlögreglu frá því, að hann hefði tapað veski sínu með nafnskirteini sínu og ýmsum pappírurum á veitingastaðnum Abrakadabra í fyrri hluta júní. Ákærði Agnar Víðir kveðst hafa fundið skirteinið á umræddum veitingastað nokkrum vikum áður, en hann setti mynd af ákærða X í skirteinið, áður en hann lét hann hafa það til notkunar.

Niðurstöður.

Með játningum ákærðu, sem eru í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærðu hafa gerst sekir um það, sem þeim er gefið að sök í ákærunni og þar er rétt fært til refsíákvæða.

Sakaferill ákærðu.

Samkvæmt vottorðum frá sakaskrá ríkisins hefur ákærði X ekki áður sætt kærur og refsingum, en sakaferill ákærða Agnars Víðis er þessi:

[Sjá bls. 361 - 362 hér á undan.]

Refsingar.

Ákærðu verður ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Þá verður við ákvörðun refsingar ákærða Agnars Víðis höfð hliðsjón af sakaferli hans og því, að hann er nú sakfelldur fyrir mörg og stór brot. Þykir refsing ákærða Agnars Víðis hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði, en ákærða X fangelsi í 3 mánuði. Vegna ungs aldurs ákærða X og þess, að hann hefur ekki áður sætt kærnum og refsingum, svo að kunnugt sé, þykir mega ákveða, að fresta skuli fullnustu refsingar hans og niður skuli hún falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði X almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Gæsluvarðhald.

Ákærði Agnar Víðir sætti gæsluvarðhaldi vegna máls þessa frá 21. júlí sl. kl. 11.12 til 27. júlí sl. kl. 17 og aftur frá 3. september sl. kl. 14.05 til 2. nóvember sl. kl. 17. Rétt þykir samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga að láta framangreint gæsluvarðhald, samtals 68 daga, koma refsingu ákærða til frádráttar.

Skadabætur.

Eftirgreindir aðilar hafa uppi bótakröfur á hendur ákærðu báðum vegna tékkafalsananna, sem um ræðir í II. kafla ákærunnar:

Búnaðarbanki Íslands, aðalbanki, Landsbanki Íslands, Austurstræti 11 í Reykjavík, Samvinnubanki Íslands hf., Bankastræti 7, og Útvegsbanki Íslands, Austurstræti 19 í Reykjavík, gera hver um sig kröfu um 17.000 krónur í bætur vegna fölsuðu tékkanna fjögurra, sem þeim voru seldir. Þá gera þessir bankar kröfu um vexti og dráttarvexti samkvæmt 7. gr. og 15. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, til greiðsludags.

Búnaðarbanki Íslands, miðbæjarútibú, fer fram á greiðslu höfuðstóls tékkans, sem þar var seldur, auk dráttarvaxta og áfallins kostnaðar, sem ekki er tilgreint, hver sé. Framangreind greiðslutilmæli, sem rétt þykir að líta á sem kröfugerð þrátt fyrir orðalag, eru gerð með bréfi bankans, dagsettu 30. júní sl. Ekki er gerð grein fyrir, frá hvaða tíma sé krafist vaxta.

Framangreindar kröfur, sem ákærðu hafa samþykkt hjá rannsóknarlögreglu og ekki er mótmælt við meðferð málsins, verða teknar til greina og ákærðu dæmdir til þess að greiða þær óskipt, eins og nánar greinir í dómsorði, þó svo, að ekki verður dæmt um áfallinn kostnað.

Eftirgreindir aðilar gera kröfu um bætur frá ákærða Agnari Víði einum:

Söluskálinn Öndvegi í Hraungerðishreppi í Árnassýslu gerir kröfu um 6.000 krónur í bætur vegna peninga fyrir seldar happaprennur Háskólahappdrættisins, sem stolið var.

Af hálfu Skipadeildar SÍS er gerð krafa um andvirði peningaskápsins, 75.000 krónur, peninga úr honum, 30.000 krónur, viðgerð á glugga, 3.000 krónur, og kostnað vegna ógildingarmála, sem höfða þurfti vegna 8 víxla, 120.000 krónur, og vegna 11 tékka, 165.000 krónur, en þessi skjöl hafi ekki tekist að fá gefin út og samþykkt að nýju. Er þessi krafa að fjárhæð 393.000 krónur samtals, en ekki studd neinum gögnum.

Flutningaþjónustan hf., Vesturgötu 5 í Reykjavík, gerir kröfu um 7.000 krónur, sem teknar hafi verið úr peningakassa fyrirtækisins, andvirði tékka, að fjárhæð 20.536 krónur, sem stolið var og seldur í banka, og loks 3.000 krónur fyrir áfengi og bjór, sem ákærði hafi neytt á innbrotstað og haft með sér á brott, samtals 30.536 krónur, auk hæstu löglegra vixilvaxta af tveimur fyrstgreindu fjárhæðunum, sem hafi verið og séu í gildi hverju sinni frá 16. júlí 1988.

Trygging hf. greiddi bætur vegna innbrotsins að Vesturgötu 26 B, að fjárhæð 44.549 kr., og hefur gert kröfu sömu fjárhæðar á hendur þeim, sem að því stóðu. Er krafan sundurliðuð vegna peningaþjófnaðarins og viðgerða á skemmdum, þ. á m. á skiparadar.

Útvegsbanki Íslands í Austurstræti 19 og að Laugavegi 105 gerir kröfu, að fjárhæð 23.000 krónur hvor afgreiðsla, vegna tékkanna í 12. lið I. kafla ákærunnar ásamt vöxtum og dráttarvöxtum samkvæmt 7. gr. og 15. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, til greiðsludags.

Búnaðarbanki Íslands, miðbæjarútibú, fer fram á, að tékkinn í 13. lið I. kafla ákærunnar, að fjárhæð 10.000 krónur, innheimtist með áföllnum dráttarvöxtum og kostnaði. Rétt þykir þrátt fyrir framangreint orðalag að líta á þetta sem bótakröfu, að því er snertir áfallna dráttarvexti og kostnað, en ekki er upplýst af kröfuhafa, hvaða upphæðir sé hér um að ræða.

Ákærði Agnar Víðir samþykkti allar framangreindar kröfur við rannsókn málsins nema kröfuna frá Öndvegi, sem ekki var borin undir hann. Hann fól verjanda sínum þrátt fyrir það að taka afstöðu til þeirra við flutning málsins. Hefur verjandinn mótmælt kröfunum frá Skipadeild SÍS, Flutningaþjónustunni hf., Tryggingu hf. og Útvegsbanka Íslands í Austurstræti og að Laugavegi 105, þar sem þær séu órökstuddar og þeim fylgi ekki gögn. Kröfum vegna liða 2 og 13 er ekki mótmælt.

Að því er snertir kröfuna frá skipadeildinni, er það rétt, að hún er ekki studd neinum gögnum. Verður henni því vísað frá, að því er tekur til annarra liða en peningaþjófnaðarins, sem er viðurkenndur af ákærða, og skemmda á glugga, en þrátt fyrir skort á gögnum þykir þeim lið augljóslega vera í hóf stillt. Aðrar kröfur þykja nægjanlega rökstuddar að mestu leyti, en þó verða ekki dæmdar bætur fyrir áfallna dráttarvexti og kostnað, sem ekki er tilgreint, hver sé. Verður ákærði Agnar Víðir dæmdur til þess að greiða framangreindar kröfur, eins og nánar greinir í dómsorði.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærðu samkvæmt 142. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, til þess að greiða allan sakarkostnað. Skal ákærði Agnar Víðir greiða skipuðum verjanda sínum 50.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað skal ákærði Agnar Víðir greiða að 3/4 hlutum, en ákærði X að 1/4 hluta.

D ó m s o r ð:

Ákærði Agnar Víðir Bragason sæti fangelsi í 15 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma 68 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærði X sæti fangelsi í 3 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar hans, og niður skal hún falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu greiði óskipt í bætur:

Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, Landsbanka Íslands, Austurstræti 11 í Reykjavík, Samvinnubanka Íslands hf., Bankastræti 7 í Reykjavík, og Útvegsbanka Íslands, Austurstræti 19 í Reykjavík, hverjum um sig 17.000 krónur ásamt almennum vöxtum frá 15. júní 1988 til greiðsludags og Búnaðarbanka Íslands, miðbæjarútibúi, í Reykjavík, sömu fjárhæð ásamt sams konar vöxtum frá 30. júní 1988 til greiðsludags.

Ákærði Agnar Víðir greiði einn í bætur:

Söluskálanum Öndvegi í Hraungerðishreppi í Árnessýslu 6.000 krónur,

Skipadeild SÍS., Lindargötu 9 A í Reykjavík, 33.000 krónur,

Flutningaþjónustunni hf., Vesturgötu 5 í Reykjavík, 30.536 krónur ásamt almennum vöxtum af 27.536 krónum frá 16. júlí 1988 til greiðsludags,

Tryggingu hf., Laugavegi 178 í Reykjavík, 44.549 krónur,

Útvegsbanka Íslands, Austurstræti 19 og Laugavegi 105 í Reykjavík, hvorum um sig 23.000 krónur ásamt almennum vöxtum frá 8. júlí 1988 til greiðsludags og

Búnaðarbanka Íslands, miðbæjarútibúi, í Reykjavík, 10.000 krónur.

Ákærði Agnar Víðir greiði skipuðum verjanda sínum, Sigurði Georgssyni hæstaréttarlögmanni, 50.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað greiði ákærði Agnar Víðir að 3/4 hlutum, en ákærði X að 1/4 hluta.